# BREYTING Á DEILISKIPULAGI SKARÐSHLÍÐAR, 1.ÁFANGI.




GILDANDI DEILISKIPULAG SKARÐSHLÍÐAR, HLUTAMYND MKV. 1:1000
SAMÞYKKT: 10.06.2013




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI SKARÐSHLÍÐAR, 1.ÁFANGI. MKV. 1:1000

## Skipulagssvæði Skarðshlíð 1. Áfangi, lega og afmörkun

Svæðið er að mestu á flatlendi og eru gömul tún með móum til jaðranna. Hrauntunga teygir sig inn í mitt flatlendið. Búið er að leggja götur og ljósastaura og gert er ráð fyrir að ganga út frá þeim forsendum að mestu leyti við hönnun lóða og bygginga. Skipulagssvæði 1. áfanga er um 10.200 ha að stærð. Skipulagsmörkin eru sýnd á skipulagsuppdrætti.

Svæðið er nýbyggingarsvæði og liggur sunnan og vestan Ásfjalls. Vesturmörk svæðisins liggja upp að íbúðarsvæði Valla 4 og 6 en er skilið frá þeim svæðum af hraunjaðri sem fellur undir Hverfisvernd í skilmálum fyrir deiliskipulag Valla 6. Að norðan og austan afmarkast skipulagssvæðið af hæð Skarðshlíðar en af Ásvallabraut í suðri. Aðkoma akandi umferðar að svæðinu er um Ásvallabraut.

## Gatnakerfi og stígar

Aðkoma inn í hverfið er á tvo vegu um Ásvallabraut. Vestari aðkoman er um Hádegisskarð, inn í miðju hverfisins, hin er austar um Stuðlaskarð og liggur nær hlíðinni. Hámarkshraði bifreiða innan hverfisins skal vera 30 km/klst. Hverfið tengist göngustígum um Grísanes og Ásfjall auk þess að tengjast göngustígum um hverfisverndaða hrauntungu milli Valla 4 og 6. Svæðið tengist einnig göngustíg meðfram Ásvallabraut og undirgöngum undir hana.

Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir greiðum gönguleiðum sem eru tengdar gangbrautum og gangstéttum við götur innan þess og tengir þannig svæðið innbyrðis.

## Landslag og sérkenni

Heildaryfirbragð Skarðshlíðar felst í legu svæðisins sem liggur í skjóli á mót norðri og austri en opnun mót suðri og vestri. Landslag Skarðshlíðar er með tvennum hætti: Annars vegar er flatlendi sem nær yfir um það bil helming þess og hins vegar eru brekkur sem umlykja svæðið móti norðri og austri. 1. áfangi Skarðshlíðar er á flatlendinu. Sýnilegar hraunmyndanir eru óverulegar á svæðinu en þó teygir flöt hrauntunga sig inn á það við Ásvallabraut. Hæðarlega svæðisins er frá 24 til 47 metrum yfir sjávarmáli.

Jarðvegur er samkvæmt yfirborðskönnun þannig að á neðri hluta svæðisins þar sem flatlendi er mest eru gömul tún með móum til jaðranna. Gróin hrauntunga teygir sig inn á mitt flatlendið. Brekkurnar eru móar og holtagrjót þar er einnig að finna lyngmóa og austast eru lágvaxnar hríslur.

## Menningarminjar

Fornleifaskráning var gerð af Byggðasafni Hafnarfjarðar í janúar 2005. Þessar minjar voru síðan hnitsettar inn á kort. Einu þekktu minjarnar á svæðinu eru grjóthlaðin skotbyrgi sunnan í Grísanesi. Minjarnar eru ekki friðlýstar. Vakin er athygli á að ef fornleifar finnast við framkvæmdir skal fylgja fyrirmælum um 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

## Megininntak skipulagsbreytingarinnar

Áhersla er á heildræna sýn á Skarðshlíð. Garðar snúar til suðurs og bílastæði til norðurs. Grænt yfirbragð skal vera á milli bygginga og reita svæðisins. Útisvæði skulu vera fjöbreytt leik-, athafnar- og áningarsvæði. Stíganet er fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Norðar íbúðarbyggðar við Bergskarð er grunn- og leikskóli.

## Mæliblöð og hæðarblöð

Hafnarfjarðarbær gefur út mæli- og hæðarblöð á grundvelli deiliskipulagsins.
Mæliblöð sýna nákvæmar stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bílakjallara, bindandi byggingarlínu, legu bílastæða og aðrar kvaðir ef einhverjar eru. Á hæðarblöðum er fjallað um kóta sem grunn fyrir skilmálum á hæðarsetningu bygginga. Viðmið er gólfkóti fyrstu hæðar og er þá átt við hæð á efri brún plötu eða burðarvirkis fyrstu hæðar.

## Byggingarreitur/nýtingarhlutfall

Byggingarreitur og byggingarlína er sú sama og er táknuð með heilli línu. Byggingarreitur og bindandi byggingarlína eru sýnd á mæliblaði og deiliskipulagsuppdrætti og skulu byggingar fylla út í byggingarreitinn.

Húsveggir í 3 m fjarlægð frá lóðamörkum skulu uppfylla 60 mínútna brunaþol .sbr. gildandi byggingarreglugerð. Uppgefnar hæðir mannvirkja í deiliskipulagi miðast við uppgefinn gólfkóta (hæð á plötu/burðarvirki) eins og hann er á uppdrætti án fráviksheimildar samkvæmt kafla 4.2.




HLUTI AÐALSKIPULAGS HAFNARFJARÐAR2013-2025
STAÐSETNING SVÆÐISINS

SKÝRINGAR / TÁKN

- Afmörkun deiliskipulagbreytinga
- Mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk
- Byggingareitur/byggingarlína
- Brotalínan sýnir hvernig húsin tengjast hvort öðru
- Byggingareitur fyrir bílakjallara
- Bindandi byggingalína
- Mörk hverfisverndar
- Hverfisvernd
- Götur
- Tröppur í göngustíg
- Göngustígar
- Hjólreiðastígar
- Bílastæði
- Hraðahindranir
- Gangbraut
- Leiksvæði
- Hólar
- Hraunsvæði
- Ný hraunsvæði
- Hljóðmön
- Gróður
- Leiksvæði
- Sameiginleg lóð íbúa á reit
- Háspennulínur, Hamraneslínur, færðar
- Hnoðraholtslína í jarðstreng
- xxx fm — Lóðarstærðir
- F — Húsgerðir
- xH — Veitulóðir

Núverandi helgunarsvæði fyrir raflínu, loftlínur munu víkja skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Lóðir á helgunarsvæði Hamraneslínu (4.áfangi) koma ekki til úthlutunar fyrr en loftlínur (Hamranes- línur 1 og 2) hafa vikið. Hnoðraholtslína er jarðstrengur, helgunarsvæði hans er 2m. Lega hans kemur fram á deiliskipulagsuppdrættinum.

SAMÞYKKTIR:

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 2.MGR. 41. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010. VAR SAMÞYKKT Í/Á____________________________
ÞANN__________20________.

ATHUGASEMDAFRESTUR TIL ___________20_________________

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN_______ 20_________________

FRAMKVÆMDA- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

BREYTT 25.01.2016


Hildur Ýr Ottósdóttir arkitekt EPF-FAÍ
kt: 300876-5019 gsm: 696 0126 hildur@ydda.is

Hjördís Sóley Sigurðardóttir arkitekt FAÍ
kt: 220376-3389 gsm: 820 4197 hjordis@ydda.is


| | |
|---|---|
| teikning: Breyting á deiliskipulagi. Skarðshlíð 1. áfangi | dags: 19.02.2016 |
| unnið: HÝO/HSS | breyting: - |
| mkv: 1:1000@A1 | númer: |


Ydda arkitektar

Ydda arkitektar ehf Seljavegur 2, 101 Reykjavík, kt: 680113 0840 www.ydda.is